

Nd.

18. Frumvarp til laga

um verðjöfnunar- og styrktarsjóð rjómabúa.

Flm.: Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist verðjöfnunar- og styrktarsjóður rjómabúa, er sé undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- a. Að verðuppbæta smjör, sem unnið er í löggiltum rjómabúum.
- b. Að verðuppbæta smjör, sem unnið er í löggiltum mjólkurbúum, úr rjóma frá framleiðendum, sem hafa erfiða aðstöðu til að senda mjólk sína óunna til búanna.
- c. Að styrkja byggingu nýrra rjómabúa á þeim framleiðslusvæðum, sem mjólkurbúin ná ekki til, allt að helmingi stofnkostnaðar.
- d. Að styrkja þá þætti mjólkurskipulagsins, sem landbúnaðarráðherra telur sérstaka ástæðu til, en ekki verður gert eftir ákvæðum núgildandi mjólkurlaga.

3. gr.

Til að afla sjóðnum tekna, skal leggja 10 au. gjald á hvert kg. smjörlikis, sem framleitt er og selt í landinu, og 4 au. á hvert kg. erlends fóðurbætis, sem til landsins flyzt. Gjöld þessi innheimtast með öðrum skatta- og tollatekjum ríkissjóðs.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmdarstjórn og önnur fyrir-
komulagsatriði sjóðsins.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo látandi greinargerð:

Eins og nú er komið, verður að líta svo á, að mjólkurskipulaginu stafi mest hættu af of mikilli framleiðsluaukningu hjá mjólkurbúunum og þar af leiðandi markaðsörðugleikum. Það má telja alveg víst, að ásókn aukist mjög að því að komast í þau mjólkurbú, sem fyrir eru, og um stofnun nýrra, þar sem möguleikar eru fyrir hendi. Er þar tvennt, sem veldur mestu um, að bændur una sæmilega því verði, sem mjólkurbúin skila þeim nú, svo og hitt, að mæðiveikin svo kallaða gerist stöðugt meiri vággestur í sauðfjárrækt landsmanna og knýr þá inn á nýjar leiðir sér til bjargar.

Hinsvegar má telja, að solumöguleikar fyrir mjólk og mjólkurafurðir séu ekki miklir fyrir hendi umfram það magn, sem nú er framleitt til sölu, nema þá erlendis, sem mjög er valt að byggja á, eða þá með því að blanda meira af smjöri í smjörlikið, þannig að smjörið komi smátt og smátt í þess stað, og þar eru möguleikarnir miklir, a. m. k. langa stund ennþá.

Að fara þá leið virðist því alveg sjálfsagt, en til þess að hún sé fær, þarf að styrkja framleiðsluna meira en nú er, eða svo mikið, að bændur almennt telji sér eins vel henta að hugsa um hana, víða á landinu, eins og sölu mjólkurinnar allrar.

Með þeim tekjumöguleikum, sem hér er gert ráð fyrir, sem mundu nema nær 200 þús. kr. á ári, verður að telja, að mikið ætti að vera hægt að gera í þessa átt, enda fullkomlega réttmætt að nota þá tekjustofna, sem hér er gert ráð fyrir, til þessa.

Nánar í framsögu.